

Bekkjarnámskrá Íslenska – 6. bekkur
Skólaárið 2023 - 2024



Kennari: Emma Viktorsdóttir og Hrönn Magnúsdóttir

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur

- geti lesið 105-175 orð að vori
- kunnir stafrófið
- þekki greinarmerki
- geti stafsett rétt, nýtt hinar ýmsu stafsetningarreglur t.d., n-og nn regluna og hvenær skrifaður eru einfaldur og tvöfaldur samhljóði
- geti greint hvað séu nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og samsett orð
- geri sér grein fyrir orðum í mismunandi beygingarmyndum
- greini fyrir hvað einkenni hugtökin samheiti, andheiti, sérnafn og samnafn
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- geti fallbeygt og greint kyn og tölu nafnorða
- skilji algeng orðtök og málshætti
- læri nokkrar vísur og ljóð utanbókar
- geti skrifað sögu með upphafi, miðju og endi
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lögð verður áhersla á að útskýra og koma nemendum í skilning um af

hverju íslenskt málaumhverfi skiptir máli. Íslenska er grunnur að öllu námi nemandans. Nemendum verða kenndar aðferðir og námstækni í lestri og ritun. Áhersla verður á orðarýni í ýmsum útfærslum og á gagnvirkan lestur. Nemendur þurfa að beita þessum aðferðum í öðrum námsgreinum og sýna fram á hæfni til þess að nota þær við ólíkar aðstæður í námi.

Lestur er eitt öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Áhersla verður á lestur bókmennta og annars lesefnis. Lestur og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélagi. Nemendur fá þjálfun og æfingu í því að tjá sig í ræðu og riti. Lögð verður áhersla á það að nemendur skoði og yfirfari sinn eiginn ritaða texta út frá þeim málfræði- og stafsetningarreglum sem nemendur eiga að kunna skil á. Einnig verður haldið áfram að byggja ofan á þá þekkingu sem þegar er til staðar í málfræði og stafsetningu.

Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur er mikilvægur í því samhengi hvaðan við komum og hvert við erum að fara. Leitast verður við að leggja áherslu á þann menningararf í tengslum við skilning á því af hverjum við erum að læra það sem við lærum í íslensku.

Unnið verður með eftirfarandi færniþætti íslensk máls:

- Talað mál
- Hlustun og áhorf
- Lestur og bókmenntir
- Ritun og málfræði

Námsefni

Orðspor 2 les- og vinnubók

Málrækt 3

Verkefni í gagnvirkum lestri

Vandamálið - Minnsta málið (valin verkefni)

Benjamín dúfa

Skrift 6 og annað skriftarefni

Dagbók

Heimalestrarbækur af bókasafni (nemendur velja sjálfir bók)

Íslensk bíómynd

Kennsluaðferðir:

Útlistunarkennsla: innlögn kennara, fyrirlestrar, spurningar, umræður, sýnikennsla, ritun.

Pulunám og þjálfunaræfingar: endurtekningaræfingar, vinnubókavinna, verkefnavinna, námsleikir og spil.

Verklegar æfingar: gagnvirkur lestur, lestur, orðarýni, ritun.

Umræðu- og spurnaraðferðir: umræður, spurningar, rökræður, samskipti, skiptast á skoðunum, ályktun, ritun.

Innlifunaraðferðir og tjáning: kynningar nemenda, hugleiðsla, frásagnir, upplestur, leikrit/atriði, ritun.

Þrautalausnir: námstækni, úrvinnsla gagnvirkis lesturs, samskipti, samvinna.

Leitaraðferðir: upplýsingaöflun, heimildarvinna, úrvinnsla gagna, viðtöl.

Hópvinnubrögð: hópavinna, paravinna, samvinna, verkaskipting, samskipti, vinnubrögð, upplýsingaöflun, skipulag.

Sjálfstæð skapandi viðfangsefni: einstaklingsvinna, sköpun, hugarflæði, hönnun, ferli, þróun.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.

- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Emma Viktorsdóttir og Hrönn Magnúsdóttir

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Námsefni

- Stika 2A, nemenda- og æfingabók
- Stika 2B, nemenda- og æfingabók
- Ýmis námsspil og önnur spil sem þjálfa stærðfræði
- Kennslumyndbönd
- Ljósrituð hefti og blöð frá kennara

Kennsluaðferðir

- Innlögn
- Umræður
- Hópaverkefni

- Sjálfstæð vinna
- Spil
- Leikir

Námsmat

- Virkni í kennslustundum
- Lotukannanir
- Einstaklingsverkefni
- Hópaverkefni

Verkefni verða metin út frá hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
- Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls.
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

Tölur og reikningur

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.

Algebra

- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.

Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
- Notað mælikvarða og einslögum í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað

aðferðir til að reikna það.

Tölfræði og líkindi

- Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.
- Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 6. bekkur
Skólaárið 2023 - 2024



Kennari: Emma Viktorsdóttir og Hrönn Magnúsdóttir
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku.
Birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

“Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Nám í náttúrugreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta og hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir, í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins fyrir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manna og náttúru.

Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendur þurfa að geta tekið þátt í mótun umhverfis síns með ýmsum leiðum. Fá tækifæri til að kanna, hanna og framkvæma hugmyndir í þágu samfélagsins og prófa leiðir til upplýsingaöflunar og úrvinnslu” (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls.167 og 168).

Námsefni

Maðurinn hugur og heilsa, les- og vinnubók.

Náttúrulega les- og vinnubók.

Myndbönd og efni af alnetinu ásamt kennara.

Kennsluáferðir

Við lesum saman í lesbók, ræðum og veltum fyrir okkur nýjum hugtökum, svörum spurningum úr textanum, vinnum einfaldar athuganir og vinnum með efnið í hópavinnu. Einnig verður horft á fræðslumyndir.

Námsmat

Fylgst er með virkni nemanda í umræðum. Spurningar og svör við þeim metin.

Vinummappa

Hópaverkefni og smærri verkefni, unnið með sjálfsmat og jafningjamat samhliða því.

Spil.

Próf og kannanir.

Útivera og alls konar tilraunir.

Allt námsmat birtist á hæfnikorti nemenda.

Hæfniviðmið – námsþættir

Geta til aðgerða

- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar og lausnir.
- Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.

Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

- Hlustað á metið og rætt hugmyndir annarra.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.

Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.
- Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.

Lífsskilyrði manna

- Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, og hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- Lýst breytingum sem verða við kynþroska aldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.

Náttúra Íslands

- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í sínu náttúrulega umhverfi.
- Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.
- Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.

Heilbrigði umhverfisins

- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Bent á algeng efni í heiminum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.
- Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar.
- Gert grein fyrir næringargildi ólíkar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar – 6. bekkur Skólaárið 2023-2024



Kennari: Emma Viktorsdóttir, Ástþór Óðinn Ólafsson og Hrönn Magnúsdóttir
Tímafjöldi: 10 kennslustundir á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

“Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nærsamfélagið eða samfélagið í víðara samhengi.” (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.196)

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

- Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áherslur 6. bekkjar eru heilsufar og sjúkdómar, ég og sjálfsmyndin, ofbeldi og birtingarmynd ofbeldis, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið „Þekktu réttindi þín“

Námsefni

Norðurlönd – Lesbók og vinnubók

Kortabók – Handa Grunnskólum

Buddatrú – Efni á netinu <https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html>

Sjálfíð mitt – Markmið og persónuleika einkenni

Ýmislegt auka efni á netinu

Kennsluáferðir

Innlögn kennara

Myndbönd

Umræður

Einstaklings- og paraverkefni

Hópverkefni – samvinnunám

Kennsluáætlun

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Haust 2023

Norðurlönd – Lesbók og vinnubók

Kortabók – Handa Grunnskólum

PBS kerfið

Sjálfíð mitt – Markmið og persónuleikaeinkenni

Teikna sjálfsmynd – ég í framtíðinni

Setja sér markmið; skammtíma- og langtímamarkmið

Ábyrgð – paraverkefni – búa til samtal um ábyrgð

Þolinmæði – einstaklingsverkefni

Þrautseigja – hópverkefni – búa til myndband

Vor 2024

Buddatrú – Efni á netinu <https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html>

Hópverkefni - Skuggaleikhús

Sjálfíð mitt – Markmið og persónuleika einkenni

Hugrekki – einstaklingsverkefni – að takast á við óttann

Tillitssemi – hópverkefni – myndband um að sýna tillitssemi

Hjálpsemi – einstaklingsverkefni eða paraverkefni – að hjálpa öðrum

Ýmislegt námsefni af internetinu

PBS kerfið

Námsmat

Verkefni út frá hæfniviðmiðum

Hæfniviðmið – námsþættir

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.
- Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
- Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.
- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
- Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.
- Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.
- Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.
- Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.

Hugarheimur – Sjálfmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.

- Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Katrín Sigurbergsdóttir og Frans Elvarsson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið

Markmið er að halda áfram að örva hreyfingarskipti nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttir eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram með þrek og styrktaræfingum, þar sem nemendur læra að efla þol og styrk með einföldum en árangursríkum hætti. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriði í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.
- Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.

Félagslegir þættir

- Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast.
- Viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.

Heilsa og efling þekkingar

- Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans.
- Gildi æfinga fyrir heilbrigði líkamans.

Öryggis og skipulagsreglur

- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og aðstoðar í verkefnavinnu, við nám og sér til ánægju
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og fara eftir reglum um netnotkun
- nýtt sér hugbúnað/forrit við ritunarverkefni, við myndvinnslu og til að miðla þekkingu
- nýtt sér forritun á ýmsan hátt

Námsefni

Ritvinnsla, glærugerð, veraldarvefurinn

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara

Sjálfstæð vinna

Námsmat

Mat á verkefnum í ritvinnslu, glærugerð og forritun.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.

- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Lært að geyma upplýsingar og gögn með skipulögðum hætti á tölvutæku formi.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.

Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
- Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.

Sköpun og miðlun

- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
- Öðlast þjálfun í að nota tölvur til náms.

Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

- Tamið sér ákveðnar umgengnisreglur við tölvur m.a. í tölvuveri.

Bekkjarnámskrá Heimilisfræði - 6. bekkur

Skólaárið 2023-2024



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 8-9 skipti

Markmið

Að nemandi lesi og skilji uppskriftir, lærir einfaldan kökubakstur og búa til einfalda rétti. Efla eigið öryggi við matreiðslu.

Hvaða hlutverk vítamín, steinefni og orkuefni hafa. Nöfn allra fæðuflokkanna í fæðufringnum og og hversu mikivægt er að borða fjölbreytta fæðu.

Gerir sér grein fyrir að matvörur innihalda mismunandi næringarefni, hlutverk vítamína, þekkir í sundir fituleysanleg og vatnsleysanleg vítamín.

Hlutverk próteina (dýraríki) og kolvetna (jurtaríki) og skiptingu þeirra.

Námsefni

Gott og gagnlegt 2, Gott og gagnlegt 2 vinnubók og efni frá kennara

Kennsluaðferðir

Sýni, verkleg og bókleg kennsla

Námsmat

Símat

Hæfniviðmið - námsþættir

Matur og lífshættir

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.
- Unnið einföld verkefni í hópi.
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.
- Hagnýtt þá leikni sem hann/hún hefur öðlast í einföldum verkefnum.

Matur og vinnubrögð

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.

Matur og umhverfi

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
- Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.

Matur og menning

- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Bekkjarnámskrá Enska – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Emma Viktorsdóttir og Hrönn Magnúsdóttir
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku.
Birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

“Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.” (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 124)

Námsefni

Yes we can 6 lesbók og vinnubók
Málfræðiaefingar B
Ýmislegt efni á netinu

Kennsluáðferðir

Innlögn frá kennara
Hlustun
Umræður
Einstaklings- og paraverkefni
Hópvinna - samvinnunám

N Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Einstaklingsverkefni

Hópaverkefni

Ritun

Póstkort

Ensk bíómynd

Málfræðiþróf

Lesskilningsþróf

Hlustunarþróf ámsmat

Hæfniviðmið – námsþættir

Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.

- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn

- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.

Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.

Námshæfni

- Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflöttirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

Bekkjarnámskrá Listir – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Emma Viktorsdóttir og Hrönn Magnúsdóttir

Tímafjöldi: 1 tími á viku

Birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

Búa til sína eigin bók. Flytja erindi fyrir framan áhorfendur. Að geta unnið í hóp og einstaklingslega. Átta sig á persónulegum ávinningum. Meta sína eigin hæfni. Nemendur læra að sýna ábyrgð í námi og taka ábyrgð á sjálfum sér.

Námsefni

Hefti frá kennara og efni á netinu.

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna, leikir, þrautir, spil.

Námsmat

Verkefni og virknimat.

Kynning og umræður.

Hæfniviðmið – námsþættir

Listir

- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Þroskað persónulega tjáningu og smekk.

Menningarläsi

- Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.

Bekkjarnámskrá Nýsköpun – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Tara Sól Sveinbjörnsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku í 8-9 skipti

Markmið

Að nemendur geti unnið sjálfstætt að ýmsum verkefnum

Námsefni

Námsefni frá kennara

Kennsluaðferðir

Bein kennsla og nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar. Umsögn gefin í lokin

Hæfniviðmið

Handverk:

Að nemendur geti

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- gert grein fyrir nokkrum smíðaeefnum sem unnið er með
- hannað eins og unnt er verkefni sín sjálfir
- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð

- hannað og búið til ýmsa hluti úr ólíkum efnivið

Hönnun og tækni:

Að nemendur geti

- nýtt sér ýmsa tækni við vinnu sína
- lýst hvernig tækni birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu
- hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum
- bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi

Umhverfi:

Að nemendur geti

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðjum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir
- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til
- gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra

Kennsluhættir:

- bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum kennara
- sýnikennsla, kennari sýnir hvernig á að vinna verkefnið

Bekkjarnámskrá Sjónlistir – 6. bekkur Skólaárið 2023-2024



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: tvær kennslustundir á viku (hringekja)

Markmið

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, graffíktækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlist skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni. (samkvæmt Aðalnámskrá 2013).

Námsefni

- Ýmis konar pappír og efni til myndgerðar, teikniáhaldar (blýantar, krítar og penslar, litir, túss), málning og keramikleir
- Myndmennt I og II (Menntamálastofnun / Námsgagnastofnun)
- „Íslensk Listasaga“, Listasafn Íslands, (Forlagið)
- ”Listasaga, frá Hellalist til 1900”, Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage (MMS),
- „Ég Sé með Teikningu”, Björg Eiríksdóttir (MMS) ,
- “Kveikjur fyrir Skapandi Skólafarar”, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir (MMS),
- Bækur tengd greinarinnar og efni frá kennara

Kennsluaðferðir

- Innlögn, sýnishorn kennara.
- Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eða í hópum eftir fyrirmælum kennara. Kennari aðstoðar eftir þörfum.

Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá.

Hæfniviðmið – námsþættir

Fagurfræði

- Skilið tilgang sjónlistar og hönnunar.
- Þroskað persónulega tjáningu og smekk.
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.

Sköpun

- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Styrkt og eflt hugmyndaflug og ímyndunarafli.
- Aukið sjálfstraust og sjálfstæði til þess að geta skapað myndverk, hvort heldur eftir eigin hugmynd eða fyrirmynd.

Saga, menning og umhverfi

- Þekkt íslenska og erlenda listamenn og viti deili á þeim til þess að auka víðsýni sína og að tileinka sér hinar ýmsu stefnur myndlistar.
- Greint frá og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
- Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.

Félagsfærni og gagnrýnin hugsun

- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Unnið sjálfstætt eða í hóp.
- Unnið á gagnrýninn hátt.

Bekkjarnámskrá Sund – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Katrín Sigurbergsdóttir
Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Læra allar helstu sunnaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluáferðir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.
Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 6. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Unnið eftir 6. sundstigi.
- Synt 50 m skólabaksund.
- Synt 15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).

- Synt 25 m skriðsund.
- Synt 25 m baksund.
- Synt 8 m kafsund.
- Synt 200 m bringusund, viðstöðulaust.
- Synt 25 m bringusund á tíma, lágmark 35.0 sek.

Öryggis og skiplagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Bekkjarnámskrá Textílmennt – 6. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Sandra Dögg Tryggvadóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 7-9 skipti

Markmið

Markmið að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjáslega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra ítarlega á saumavélina, hvernig á að þræða og spóla á spóluna.

Námsefni

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, skæri, lím, perlur, skraut, títuprjónar, nálar, efni, saumavél, tvinni og fleira.

Kennsluaðferðir

Verkefni

Innlögn / sýnikennsla kennara

Einstaklingsvinna

Para- og hópavinna

Námsmat

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímum

Hæfniviðmið – námsþættir

Handverk, aðferðir og tækni

- Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.

- Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.

Menning og umhverfi

- Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni.
- Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúru efna og gerviefna.

Bekkjarnámskrá Tónmennt – 6. bekkur Skólaárið 2023-2024



Kennari: Rasa Vareikiene
Tímafjöldi: 1 tími á viku

Markmið

Að þekkja laglínu eftir heyrn. Að þekkja andstæðurnar bjart – dimmt í tónlist. Að þekkja nótur og þögn. Að greina einn, tvo eða þrjá tóna. Að búa til mismunandi form. Að heyra hvernig spennið er í kringum laglínur. Að halda takti og einbeitingu. Að þekkja muninn á púlsi og hrynn. Að þekkja muninn á dúr og moll. Að geta greint í sundur mismunandi söngmáta og raddagerð. Að nota rödd, hljóðfæri og ímyndunarafli á fjölbreyttan hátt. Að þjálfra tóneyra og auka sjálfstraust í söng. Að þekkja hugtökin: forspil, eftirspil, undirspil, erindi og viðlag. Að nota tákn $p < f >$ og áherslumerki við skráningu og flutning tónlistar. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samvinu og spuna. Að þjálfra nemendur í að fylgja fyrirmælum og stjórnanda. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samspili og söng. Að þjálfra púls og hrynn með trommuleik. Að leika á slagverkshljóðfæri og tengja þau hreyfingu í texta. Að þjálfra áslátt, spilataekni og samspil á tré, málm og klukkuspil. Að dansa við tónlist. Efla samvinnu. Að læra um vals, tangó, tónlist á Kúbu, íslensk og útlensk lög. Tónlistarforrit fyrir Ipad. Spila á ukulele.

Námsefni

Hljóðfæri, hlustunarefni og ýmislegt lagt til af kennara, Ipad, ukulele.

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna.

Námsmat

Verkefni og virknimat.

Hæfniviðmið – námsþættir

Tónmennt

- Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.

- Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Greint að einhverju marki, metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
- Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr.

Menningarläsi

- Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.